

Nd.

363. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og á l. nr. 43 1940, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Sigurður Þórðarson, Sigurður Hlíðar.

1. gr.

Síðari málsliður 3. málsg. 1. gr. laga um iðnaðarnám, nr. 100 frá 11. júní 1938, falli burt.

2. gr.

4. gr. laga nr. 43 12. febr. 1940, um breyting á lögum frá 11. júní 1938, um iðnaðarnám, falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Ákvæði gildandi laga um iðnaðarnám, sem að því miða að takmarka tölu nemenda svo mjög sem þar er gert, torveldi svo aðgang ungra manna að iðnaðarnámi, að telja verður þau alveg óviðunandi, eins og nú horfir við, og má enda draga í efa, hvort slík ákvæði hafa nokkurn tíma átt rétt á sér.

Fyrri breytingin miðar að því að fella úr lögum það ákvæði, er heimilar sveinum og meisturum að semja sín á milli og án íhlutunar iðnfulltrúanna um tölu nemenda í viðkomandi iðngrein og loka þannig iðngreinunum að meira eða minna leyti fyrir iðnnemum.

Síðari breytingin miðar að því að fella úr gildi þá lagagrein úr lögum frá 1940, um breyting á lögum um iðnaðarnám, sem bannar meisturum að hafa fleiri en einn nemanda á móti hverjum fullgildum iðnaðarmanni, sem hjá honum vinnur.

Ýmsar ástæður hafa verið fram færðar af hálfu þeirra, er takmarka vilja tölu iðnnema, og er ein þeirra sú, sem oft er á loft haldið, að vegna náms iðnnemanna þurfi að setja ríkar skorður við því, að meistararnir taki ekki óhæfilega marga nemendur á vinnustaði sína í ábataskyni, af því að þeir hafi þar ódýran vinnukraft, er svo njóti ekki nægrar tilsgagnar við vinnubrögðin. Ef um það er að ræða, af hverjum meistarinn hefur mestan hagnað, þá er auðsætt, eins og nú er reiknað álag á vinnulaunin, að þeir hafa mestan hag af því að hafa sem flesta fullgilda menn, svo fremi að verkefni séu næg fyrir hendi. Og þau mun hvergi skorta nú á tímum. Auk þess er það á valdi iðnfulltrúanna, sem samþykkja verða alla námssamninga, að hafa eftirlit með því, að hæfilega margir nemendur séu ráðnir á hvern stað.

Takmörkun sú, sem nú er á tölu nemenda, er leyft er að ráða í hinar ýmsu iðngreinir, mun að mestu stafa frá áhrifum þeirra, er svo óheillavænlega stefna að hafa sem fæsta fullgilda iðnaðarmenn í hverri iðngrein.

Vera má, að hjá sumum liggja sú hugsun til grundvallar, að bægja beri frá iðngreinunum hættu, sem af því gæti stafað, að á einhverjum tíma væru til fleiri faglærðir menn í iðngrein en atvinnureksturinn krefðist þá í bili. Sönnu nær mun þó, að mestu ráði um tilhneigingin til að bæta með þessu aðstöðu sumra þeirra, sem fullgildir eru, hvað réttindi snertir, til að halda velli fyrir nýjum og ef til vill hæfari mönnum, eða til að knýja fram á hverjum tíma þær kröfur um kaup eða kjör, sem þeir kunna að vilja gera til atvinnurekenda, hvort sem sanngirni mælir með þeim eða ekki. Hvort sem ráðið hafa þessari lagasetningu þær ástæður, sem hér hafa verið nefndar, eða einhverjar aðrar, þá er með þessum ákvæðum allt of langt gengið í að skerða rétt hinnar uppvaxandi kynslóðar til að velja sér lífsstarf við sitt hæfi, og má segja, að ráðizt sé á sjálfsögðustu mannréttindi þann veg. Enn fremur er með þessum útilokunarákvæðum beint til þess stefnt, að tilfinnanlegur skortur iðnfaglærðra manna verði í landinu, enda er nú svo komið, eins og síðar mun vikið að. Fer þetta mjög illa saman við þá þróun atvinnulífsins, sem hér hefur orðið og verða mun meiri, er stundir líða fram, og allir landsmanna virðast fagna. Í iðngreinunum er nú unnið meir og meir með vélum. Við húsasmiðar, vegagerðir, landbúnaðarvinnu og að heita má í öllum greinum eru landsmenn auk þess að taka vélaaflið meir og meir í þjónustu sína. En ljóst er, að slíkt krefur aukinnar fagþekkingar í meðferð og viðgerðum, ef ekki smíði á hvers konar vélum eða vélahlutum. Samhliða þessu er látin vera við lýði svo afturhaldssöm löggjöf, hvað menntun snertir á þessu sviði, að með henni er beinlínis stefnt í öfuga átt við heilbrigða þróun í atvinnumálum landsins. Auk hins framangreinda má geta þess t. d., hvað járnsmíði og vélamennsku snertir, að í vélstjóráskólann fær enginn inntöku nema að undangengnu þriggja ára starfi í smíðju. Má ef til vill þangað rekja að nokkru þann tilfinnanlega skort á lærðum vélstjórum á fiskiskipin, sem einatt er fyrir hendi, og undanþágufarganið, sem jafnan fylgir þeim vandræðum.

Þrátt fyrir þetta er í lögum um iðnaðarnám ekkert tillit til þess tekið, að þeir, sem læra vilja vélgæzlu, þurfa að eiga greiðan aðgang að námi í smíðju. Nú er það svo að kunnugra manna sögn, að aðeins um $\frac{1}{4}$ af þeim, sem járnsmíði nema, staðnæmist í smíðjunum til frambúðar. Hinir fara til annarra starfa á sjó og landi, þar sem þetta nám kemur þeim að notum. Í smíðjunum er hins vegar þannig ástatt, að um $\frac{1}{3}$ þeirra manna, er þar starfa, hefur iðnréttindi. Hitt eru gervismiðir eða vélstjórar ýmiss konar og svo nemendur.

Þó að ekki sé nákvæmlega eins ástatt í ýmsum öðrum iðngreinum, eiga þær allar sammerkt í því, að löggjafinn hefur torveldað eðlilegt aðstreymi nemenda og lagt með því grundvöllinn að skorti á mönnum, sem iðnréttindi hafa. Af þessu leiðir svo það, að þegar skortur er á mönnum þeim, er réttindi hafa í hinum ýmsu iðngreinum, er gripað til ófaglærðra manna, sem þó krefjast allt að því eins mikils kaups og þeir, sem fullgildir eru í iðninni. Gervismiðir í ýmsum greinum hafa oft heyrzt nefndir þessi árin, og er það skorturinn á smíðum með iðnréttindi, sem hefur skapað þetta hugtak.

Þetta ófremdarástand þarf að víkja fyrir hollara og frjársara fyrirkomulagi. Lög-gjafinn á ekki að torvelda ungum mönnum aðganginn að því verklega námi, sem þeir hafa hæfileika og löngun til að stunda, heldur miklu fremur að hjálpa þeim til að komast að þeim störfum, er til þjóðnytja horfa og hugur þeirra stendur til.

Einangrun iðngreinanna eða meiri og minni útilokun hinnar uppvaxandi kyn-slóðar frá því að læra gagnleg iðnaðarstörf undirbýr jarðvegin fyrir atvinnuleysi og skort, en greiður aðgangur að námi fjölbreyttra verklegra starfa er efnilegum unglingum byr undir báða vængi og bezta framtíðartrygging þeirra, en atvinnulífi þjóðarinnar öryggi, sem það má ekki án vera.